



Um fimmtíu manns á vegum Ferðafélags Íslands lögðu á Eyjafjallajökul á fjallaskíðum árla dags á laugardag. Framan af var einmuna bliða, logn og hiti en þegar liða tók á daginn kólnaði hressilega, skyggnið hvarf og tók að snjóa. Hluti hópsins kleif Hámund, í 1.651 metra hæð. Allur hópurinn skíðaði svo niður úr veðrinu, sáll og glaður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir frá Eyjafjallajökli er að finna á +Plúsi síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Kirkjan telur skerðingar siðlausar

Í minnisblaði frá Þjóðkirkjunni er efast um að Alþingi hafi tekið upplýsta ákvörðun með nýjustu skerðingu sóknargjalda. Framkoma ríkisvaldsins sé siðlaus eignaupptaka.

STJÓRNSÝSLA Þjóðkirkjan telur söfnuði sína hafa greitt á annan tug milljarða króna af sóknargjöldum sínum til ríkisins vegna skerðingar ríkis á fjárframlögum. Telur kirkjan framferði ríkisvaldsins siðlaust.

Samninganefnd ríkisins og þjóðkirkjunnar hefur unnið að samningagerð án þess að niðurstaða hafi náðst. Þjóðkirkjan er afar ósatt við að tekið sé af sóknargjöldum til að setja í ríkissjóð. Af rúmum 1.500

krónum á mánuði fari aðeins rúmlega 900 krónur til kirkjunnar.

„Sú háttsemi ríkisvaldsins að skila ekki nema liðlega helmingi af fé sem það tekur að sér að innheimta er þannig í ákveðnum skilningi eignaupptaka og siðlaus þótt ekkert sé efast um lögmætið,“ segir í minnisblaði frá Þjóðkirkjunni.

Kirkjan segir að tillaga frá fjármálaráðuneytinu feli sér að greiðslan til safnaða þjóðkirkjunnar skerð-

●● Sú háttsemi ríkisvaldsins að skila ekki nema liðlega helmingi af fé sem það tekur að sér að innheimta er þannig í ákveðnum skilningi eignaupptaka og siðlaus.

Úr minnisblaði þjóðkirkjunnar

ist um 223 milljónir króna. „Þessi nýjasta skerðing sóknargjaldanna gerir ekkert annað en að hækka samningskröfu kirkjunnar sem henni nemur. Það er síðan áleitinn spurning hvort um hafi verið að ræða upplýsta ákvörðun Alþingis,“ segir í minnisblaðinu.

Fréttablaðið hefur óskað eftir fundargerðum samstarfsnefndar þingsins og kirkjunnar án árangurs. – sa / sjá síðu 6

Viðkvæm staða í viðræðum

KJARAMÁL Fundað var stift um helgina hjá ríkissáttasemjara og stóð fundur enn þegar Fréttablaðið fór í prentun. Ekki var búist við að samningar kláruðust en mögulega næðust einhverjir áfangar.

Að óbreyttu áttu vinnustöðvanir sem hafa áhrif á akstur tíu strætóleiða á höfuðborgarsvæðinu að hefjast klukkan sjö í morgun. Næsta lota verkfalla á hótelum og hjá rútu-fyrirtækjum á svo að hefjast á miðvikudag.

Drifa Snædal, forseti ASÍ, segir viðræðurnar á viðkvæmu stigi og ekki tímabært að ræða efnisatriði þeirra.

ASÍ hefur lánað Flugfreyjufélagi Íslands 100 milljónir króna til að félagsmenn sem unnu hjá WOW fái einhverjar greiðslur núna um mánaðamótin. – sar, sa / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um samsærifölin. **9**

SPORT Frábært að vera aftur í lykilhlutverki, segir Matthías Vilhjálmsson. **12**

MENNING Jane Smiley fékk hin virtu Pulitzer-verðlaun fyrir skáldsögu sem byggir á Lé konungi. **19**



LÍFID Góður rómur hefur verið gerður að uppstandstilraunum lögmannsins Árna Helgasonar. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖD • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

4BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TOLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlöð 2




ALLT AÐ
500 GESTA
BORÐHALD
1.000 GESTA
STANDANDI VEISLUR



518 4000 / info@tales.is

Veður



S/sv 5-13 m/s og rigning eða slydda sunnan og vestan til. Heldur hægari og þurrur um landið norðaustanvert. Fremur hæg breytileg átt með morgninum og sums staðar dálítill el, en vaxandi norðanátt seinnpartinn, 10-18 m/s um landið norðvestanvert og eljagangur. **SJÁ SÍÐU 18**

Limmósínur fyrir strætó

SAMGÖNGUR „Auðvitað vonumst við eins og allir til þess að þessum verkföllum verði frestað en annars viljum við léttu undir með fólki,“ segir Haraldur Guðmundsson, eigandi nýrrar eðalbílaaleigu í Reykjavík.

Bílstjórar á strætisvagnaleiðum 12, 14, 15, 16, 17, 21, 24, 28, 35 og 36, leggja niður störf á háannatímum alla virka daga í apríl á meðan kjarasamningum er ólökkið. Gildir þetta milli klukkan 7 og 9 á morgnana og milli 16 og 18 síðdegis.

Eðalvagnar Haraldar munu í dag aka á leið 14 sem fer frá Granda að Versló með viðkomu í Langholts hverfi og Bústaðahverfi. Einnig á leið 16 sem fer frá Hlemmi að Hádegismóum. Ferðirnar eru ókeypis.



„Við erum með þrjá bíla sem taka þrettán manns hver. Þannig að þótt þetta séu stórir bílar á sinn mælikvarða getum við augljóslega ekki komið í staðinn fyrir heilu strætisvagnana. En við ætlum að gera okkar besta,“ undirstrikar Haraldur.

Þar sem ekki komast allir með limmósínunum biður Haraldur fólk að mynda einfaldar raðir á hefðbundnum biðstöðvum Strætó. „Síðan tókum við bara við fólki þangað til bílarnir fyllast. Að sjálf-sögðu hleypum við svo farþegum út á hefðbundnum stöðum þannig að það geta alltaf losnað pláss á leiðinni,“ segir Haraldur Guðmundsson. – ag

Tilraunastarfsemi



Músiktilraunir standa nú í Hörpu. Fjögur undankvöld eru áður en kemur að úrslitunum sem verða í Norðurljósal á laugardagskvöldið. Alls eru atriðin 35. Meðal níu hljómsveita sem stígu á svið í gærkvöldi var Amaurosis sem dregur nafn sitt af augnsjúkdómi söngvarans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðin kjósi um aðild að NATO

ALÞINGI Átta þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin efni til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þannig fái landsmenn að segja til um hvort Ísland verði áfram aðili að NATO.

Ísland hefur verið í NATO í sjö áratugi. Mikil mótmæli voru á Austurvelli 30. mars 1949 er Alþingi samþykkti að Ísland yrði stofnaðili.

„Það er löngu kominn tími til að leiða til lykta kröfu fólks á Austurvelli 1949 um að þjóðin sjálf fái að taka ákvörðun um aðild að NATO og stríðsrekstri þess,“ segir í ályktun þingmanna VG. – sa



Andrés Ingi Jónsson, þingmaður VG.

Frumvarp fækkar í liði Flokks fólksins á þingi

Þingmannafrumvarp Ólafs Ísleifssonar felur í sér að aðstoðarmenn verði ekki fleiri en þingmenn þingflokks. Myndi núna aðeins hafa áhrif á þingflokkinn sem rak Ólaf úr flokknum. Inga Sæland segir Ólaf geta átt þetta við sjálfan sig.

ALÞINGI Ólafur Ísleifsson, nýr þingmaður Miðflokksins, hefur óskað eftir meðflutningsmönnum úr öðrum þingflokkum að máli sem hefur aðeins áhrif á hans gamla flokk, Flokk fólksins. Hann telur frumvarpinu hins vegar ekki vera beint gegn sínum gamla flokki.

Frumvarpið sem Ólafur hyggst leggja fram er til þess ætlað að breyta lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, eða réttara sagt um hámarksfjölda aðstoðarmanna.

„Breytingin snýr að því að starfsmenn þingflokka að meðtöldum aðstoðarmanni formanns stjórnmalaflokks skuli ekki vera fleiri en þingmenn þingflokks á hverjum tíma. Með því er verið að gæta að eðlilegu aðhaldi og sparnaði í meðferð opinbers fjár,“ segir í tölvu-



„Eðlilegt að við gætum aðhalds,“ segir Ólafur Ísleifsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

pósti Fjölu Hrunnar Björnsdóttur, framkvæmdastjóra þingflokks Miðflokksins, til þingmanna annarra flokka þar sem óskað er eftir meðflutningsmanni.

Yrði þetta frumvarp að veruleika myndi það aðeins hafa áhrif á gamla þingflokk Ólafs, Flokks fólksins. Hann telur hins vegar að hér sé um eðlilegt þingmál að ræða til að gæta aðhalds í ríkisrekstrinum.

„Má vera að á þessu þingi skuli það aðeins hafa áhrif á einn flokk, en ástæða þess að ég

Inga Sæland, formaður Flokks fólksins.

vil leggja þetta mál fram er sú að ég tel eðlilegt að við gætum aðhalds. Þessu frumvarpi er ekki beint gegn neinum og af engum tekið. Ég vil aðeins að við förum vel með opinbert fé,“ segir Ólafur.

Augljóst hefur verið upp á síðkastið að andað hefur köldu á milli Flokks fólksins og fyrrverandi liðsmanna hans sem reknir voru úr flokknum eftir uppákomuna á Klaustri í lok nóvember. Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, segir Ólaf auðvitað verða að eiga þetta við sjálfan sig.

„Ég hef enga sérstaka skoðun á frumvörpum Ólafs Ísleifssonar og ef hann vill fara þessa leið þá gerir hann það bara,“ segir Inga. „Það sjá hins vegar allir hvað hér er um að vera.“ sveinn@frettabladid.is

Núvitundar-sérfræðingur óskast

Gætir þú knúsað heilan vinnustað?

tvist.is/atvinna

TVIST

Auglýsingastofa





TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

GLEÐILEGT SMUR!

Smurdagar eru betri en aðrir dagar.

Við fögnum smuri saman dagana 1.–15. apríl hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota um allt land.



ISLENSKALISTOFN 90248 0039



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, ljósaperum, rúðuvökva, frostlegi og vinnusölu.*

Engin vandamál – bara lausnir.

1	Toyota Kaupþúni	Kaupþúni 6	Garðabæ	570-5070
2	Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
3	Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
4	Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
5	Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
6	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
7	Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
8	Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481-1216
9	Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
10	Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
11	Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
12	Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
13	Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.



Samningafundur hjá ríkissáttasemjara stóð langt fram á kvöld

KJARAMÁL Fundur Samtaka atvinnulífsins og VR, Eflingar og samflotsfélaga þeirra stóð enn hjá ríkissáttasemjara þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Fundað var stift alla helgina og ljóst að aðilar reyna til þrautar að ná saman. Vinnustöðvanir strætóbilstjóra í Eflingu sem vinna fyrir Almenningsvagna Kynnisferða hefjast í dag og eiga að standa alla virka daga í mánuðinum. Mun akstur á tíu leiðum falla niður milli klukkan 7 og 9 á

morgnana og milli 16 og 18 síðdegis. Drífa Snædal, forseti Alþýðusambandsins, segir mikilvægt að menn séu að ræða saman og að á meðan svo sé þokist deiluáðilar nær hvor öðrum í átt að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

„Við höfum verið að tala saman yfir helgina og á meðan viðræður standa yfir þá færumst við nær. Viðræðurnar eru hins vegar á viðkvæmu stigi og ekki tímabært að ræða efnisatriði samningaviðræðn-



Það hefur verið fundað stift undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

anna,“ segir Drífa. Ólíklegt er að samningar náist á næsta sólarhring en vonast er til þess að samningaviðræður verði komnar það langt að hægt sé að fresta verkföllum í hótélgeiranum sem eiga að hefjast um miðja vikuna.

En er Drífa bjartsýn á að samningar náist í vikunni? „Ég hef svo oft verið bjartsýn og haldið að þetta væri að smella saman þannig að ég tel eðlilegt að spara stóru orðin að sinni. Svo er hægt að fagna

þegar samningar verða undirritaðir. Við skulum ekki fagna of snemma.“

Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) í samvinnu við ASÍ hefur ákveðið að fara sömu leið og VR og tryggja þeim félagsmönnum sem misstu vinnuna hjá WOW fjárhagsaðstoð um mánaðamótin. Mun ASÍ lána félaginu 100 milljónir króna vegna þessa. Um þriðjungur félagsmanna FFÍ missti vinnuna við gjaldþrot WOW. -sar, sa

Grínistinn efstur í Úkraínu

ÚKRAÍNA Útgönguspár bentu til þess að grínistinn Volodymyr Zelenskiy hefði fengið flest atkvæði í fyrri umferð úkraínsku forsetakosninganna sem fram fór í gær. Samkvæmt spánum fékk hann 30,4 prósent atkvæða en næstur kom núverandi forseti, Petro Poroshenko, með 17,8 prósent.

Þar sem enginn hlaut meirihluta atkvæða í fyrri umferð þarf að kjósa á milli efstu tveggja frambjóðendanna 21. apríl. Fyrirverandi forsætisráðherra landsins, Yulia Tymoshenko, var samkvæmt spám í þriðja sæti með 14,2 prósent atkvæða en frambjóðendur voru 39 talsins.



Volodymyr Zelenskiy.

Zelenskiy, sem hefur enga reynslu af stjórnmálastarfi, hefur mest með mest fylgi í skoðanakönnunum undanfarið. Kosningabaráttan hans hefur verið óhefðbundin en hann hefur ekki haldið stóra kosningafundi og farið í fá viðtöl. Hann hefur notast mikið við samfélagsmiðla sem hefur höfðað til ungra kjósenda.

Fari svo að Zelenskiy verði forseti Úkraínu myndi söguþráður gamanþátta hans verða að veruleika. Þar leikur Zelenskiy venjulegan mann sem verður forseti eftir að hafa barist gegn spillingu. -sar

Dómarar þurfi sjálfir að biðja um leyfi frá störfum á launum

Dómarar sem ekki taka þátt í störfum við Landsrétt verða ekki settir í leyfi nema að eigin ósk. Ekki hægt að setja dómara tímabundið við réttinn nema vegna leyfa. Varaforseti dómsins telur hægt að skipa dómara 15 aftur með lögum. Verði ekki pólitískt bitbein, segir formaður stjórnar Dómstólasýslunnar.

DÓMSMÁL Dómararnir fjórir sem sinna ekki dómstörfum að sinni vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu verða ekki settir í launað leyfi nema þeir óski eftir því sjálfir. Þetta kom fram í máli Benedikts Bogasonar hæstaréttardómara og formanns Dómstólasýslunnar í málstofu á Lagadeginum á föstudaginn.

Í pallborðsumræðum á fundinum var spurt hvers vegna dómarnir væru ekki settir í leyfi og nýir settir tímabundið í þeirra stað, eins og heimilt er samkvæmt dómstóla-lögum. Benedikt varð fyrir svörum og sagði hugmyndina hafa komið til tals en til að dómari fari í launað leyfi þurfi viðkomandi að biðja um það sjálfur.

„Þessu hefur verið hreyft en slík beiðni hefur bara ekki komið fram. Þess vegna lagði Dómstólasýslan til að það væri farið í að breyta lögum og fjölga dómurum við réttinn,“ sagði Benedikt. Hann lagði áherslu á það í erindi sínu að stjórnvöld bregðist fljótt við áður en fyrirsjáanlegur málhali myndist í Landsrétti með tilheyrandi drætti á meðferð mála.

Í erindi sínu í málstofunni fór varaforseti dómsins, Davíð Þór Björgvinsson, yfir þær leiðir sem hann telur færar til að bregðast við dómi MDE. Í fyrsta lagi væri möglegt að staðfesta skipun dómara fimm tán með lögum frá Alþingi. Davíð sagðist telja þessa leið lögfræðilega færa en ef til vill erfiða pólitískt. Í öðru lagi megi endurtaka feril skipunarinnar þannig að sett yrðu lög sem mæli fyrir um að ráðherra taki við sama dómnefndarálitinu að nýju, skili tillögu aftur til



Í pallborði um Landsréttarmálið voru Stefán A. Svansson lögmaður og dómarnir Benedikt Bogason og Davíð Þór Björgvinsson. Fundinum stýrði Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Alþingis og önnur atkvæðagreiðsla fari fram í þinginu. Í þriðja lagi væri unnt að auglýsa fjórar dómarastöður til viðbótar, þannig að dómarnir við réttinn verði alls 19 en fækki smám saman niður í 15 á grundvelli sólarlagsákvæðis sem sett yrði í lög.

Benedikt sagði í sínu erindi að mikilvægast væri að lausn yrði fundin sem hentaði dómskerfinu. „Það hentar ekki dómskerfinu að setja fram tillögur sem verða að einhverju pólitísku bitbeini,“ sagði Benedikt og bætti við: „Því miður þótti mér sumar tillögur Davíðs hérna áðan því marki brenndar að ég hef verulegar efasemdir um að þær fullnægi þeim áskilnaði.“

Benedikt sagði að þótt hagsmunir einstaklinga væru vissulega undir í málinu yrðu ákvarðanir um framtíðarlausn að miða að hagsmunum dómskerfisins. Hann sagði mjög miður að ekki hefði tekist að efla traust á dómskerfinu með innleiðingu millidómstigsins en ferlið hefði falið í sér mikilvægt tækifæri til þess. Skipunarmálin hefðu hins vegar haft mjög slæm áhrif og hefði það komið fram í mælingum á trausti almennings til dómskerfisins.

Dómararnir fjórir sem um ræðir eru enn að störfum í Landsrétti, fyrir utan Ragnheiði Bragadóttur, sem farin var í námsleyfi þegar dómur MDE féll. Fréttablaðið

beindi fyrirspurn til Landsréttar um hvað umræddir dómarnir hefðu ust að í vinnunni. Í svari Björns Bergssonar, skrifstofustjóra réttarins, segir: „Vegna þeirrar óvissu sem er enn uppi um það hvornig við verður brugðist af hálfu stjórnvalda hafa þeim ekki verið falin einhver tiltekin varanleg verkefni til að annast. Til þessa hafa þau eftir atvikum sinnt tilfallandi verkum. Fyrir en linur skýrast eru ekki forsendur af hálfu dómsins til að taka frekar af skarði í þessum efnunum.“ Ekki er ljóst hvaða verk, önnur en dómstörf, geta fallið til hjá dómstól sem skipaðir dómarnir geta unnið. adalheidur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

jeep.is

JEEP® CHEROKEE

PÁSKATILBOÐ

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Aukahlutir að verðmæti **730.000 kr.** fylgja öllum nýjum Jeep® Cherokee út apríl.

30" breyting sem innifelur 3,5cm upphækkun, 30" Cooper heilsársdekk og aurhlífar. Losanlegt dráttarbeisli, gúmmímottur framan og aftan og málmlitur.

JEEP® CHEROKEE

LONGITUDE LUXURY VERÐ FRÁ: **7.990.000 KR.**

LIMITED VERÐ FRÁ: **9.590.000 KR.**



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE



Way of Life!

SWIFT, VERÐLAUNABÍLL Í SÉRFLOKKI!

Suzuki Swift var valinn bíll ársins í flokki smærri fólksbíla, fékk gullverðlaun í „Grand Prix Auto Environment“ í Frakklandi ásamt fleiri verðlaunum og viðurkenningum.



Suzuki Swift hefur frábæra aksturseginnlega og er með nýjum, kraftmiklum og einstaklega sparneytnum vélum.

Suzuki Swift er fánlegur sjálfskiptur, beinskiptur og einnig fjórhjóladrifinn.

VERÐ FRÁ KR.

2.390.000

Það er alltaf Suzuki veður!



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Þingið hindri sjókvíaslys

ATVINNUMÁL „Alþingi verður að grípa í taumana og forða afleiðingum þess að tugmilljónir laxa af framandi stofni verði hafðir í netpokum við strendur landsins með tilheyrandi hættu á sleppingarslysum,“ segir byggðarráð Borgarbyggðar sem hvetur Alþingi til að

breyta frumvarpi um breytingar á lögum um fiskeldi.

„Á Vesturlandi eru tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa um þriðjungur af öllum slíkum tekjum á landinu,“ segir byggðarráðið. Í Borgarbyggð séu nokkrar af verðmætustu laxveiðiám landsins. –gar

Kulnunarstjóri óskast

Hjálpaðu okkur að úthýsa aðalvanda vinnumarkaðarins.

tvist.is/atvinna

TVIST

Auglýsingastofa



Háteigs- og Hallgrímskirkja eru ein af helstu kennileitum borgarinnar þegar kirkjur eru annars vegar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðkirkjan segir ríkið sýna siðlausu háttsemi

Hin íslenska þjóðkirkja telur söfnuði sína hafa greitt ríkinu yfir tíu milljarða króna síðustu ár. Auka eigi greiðslurnar um 223 milljónir króna á þessu ári. Samningaviðræður milli ríkis og kirkju hafa staðið yfir síðustu mánuði.

STJÓRNSÝSLA Alþingi og þjóðkirkjan ræða nú saman um framtíðarskipulag fjármála þjóðkirkjunnar.

Þjóðkirkjan telur söfnuði sína hafa greitt á annan tug milljarða króna af sóknargjöldum sínum til ríkisins vegna skerðingar ríkis á fjárfraðlögum til þeirra ár hvert. Við það verði ekki unað og telur kirkjan framferði ríkisvaldsins siðlaust.

Samninganefnd ríkisins og þjóðkirkjunnar hefur síðustu mánuði unnið að samningagerð án þess að niðurstaða hafi náðst að fullu.

Í minnisblaði þjóðkirkjunnar sem var sent samninganefndinni kemur fram að kirkjan sé afar ósátt við stjórnmál fyrir að taka skerf af sóknargjöldum sóknarbarna kirkjunnar og setja í ríkissjóð. Afrúmunum 1.500 krónum á mánuði fari aðeins rúmlega 900 krónur til kirkjunnar.

Kirkjan segir að fjárlagafrumvarp þessa árs hafi síðan aukið þetta misvægi. Þingið ákvað að lækka sóknargjald til safnaða um sjö krónur en hækka innheimt sóknargjald um 93 krónur. Þjóðkirkjan vill meina að ríkið hafi því tekið 223 milljónum króna meira frá söfnuðum kirkjunnar en árin áður.

„Sá gjörningur fjármála- og efna-



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

hagsráðuneytisins að leggja fram tillögu við 3. umræðu um frumvarp til gildandi fjárlaga sem hefur í för með sér 223 milljóna króna aukningu á skerðingu greiðslna til safnaða þjóðkirkjunnar frá fyrra ári lýsir viðhorfi sem endurspeglar ekki mikinn samningsvilja í málinu en þessi nýjasta skerðing sóknargjaldanna gerir ekkert annað en að hækka samningskröfu kirkjunnar sem henni nemur. Það er síðan áleitin spurning hvort um hafi verið að ræða upplýsta ákvörðun Alþingis,“ segir í minnisblaðinu.

Þjóðkirkjan vill meina að hér sé

um að ræða eign þjóðkirkjunnar því að þessi hlutdeild í tekjuskatti sóknarbarna er eign safnaða kirkjunnar. „Sú háttsemi ríkisvaldsins að skila ekki nema liðlega helmingi af fé sem það tekur að sér að innheimta er þannig í ákveðnum skilningi eignaupptaka og siðlaus þótt ekkert sé efast um lögmætið,“ segir jafnframt í minnisblaðinu.

Á þingi er einnig starfrækt svokölluð samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar og hafa gögn verið send samstarfsnefndinni vegna samningagerðar ríkis og kirkju.

Fréttablaðið hefur óskað eftir fundargerðum samstarfsnefndar þingsins en án árangurs.

Jörundur Kristjánsson, forstöðumaður forsetaskrifstofu, segir í svari fyrir hönd þingsins að fundargerðir samstarfsnefndarinnar séu ekki til.

„Hvað varðar fyrirspurn um fundargerðir er því til að svara að ekki eru haldnar formlegar fundargerðir þar eð samstarfsnefndin er fyrst og fremst vettvangur til upplýsingamiðlunar og samtals milli fulltrúa Alþingis og þjóðkirkjunnar þar sem formlegar ákvarðanir eru ekki teknar,“ segir í svari Jörundar. sveinn@frettabladid.is

Útsala

1. – 30. apríl

50-70%

afsláttur af erlendum bókum og völdum vörum.

bóksala stúdenta


Alvöru bókabúð og miklu meira

www.boksala.is

Gólfefnadagar

FLÍSAR OG PARKET

26. mars - 6. apríl



HARÐPARKET

8mm frá 1.490 kr. m²

10mm frá 2.590 kr. m²

12mm frá 2.490 kr. m²

Undirlag frá 176 kr. m²



MÚRBÚÐARVERÐ

Flisalím & fúga á flöttu verði!



DÚKUR Í DÓS

MUREXIN rakabéttikvoða

Frábær kvoða fyrir votrymi.

7kg – 5.290 kr.

14kg – 8.190 kr.

25kg – 14.290 kr.



CERAVIVA NERO SN #4

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Reykjavík Kletthálsi 7. Opíð virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opíð virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Upp og svo niður Eyjafjallajökul

Öflugur hópur á vegum Ferðafélags Íslands lagði land undir fót á laugardaginn og gekk á fjallaskíðum á Eyjafjallajökul. Að loknu erfiðinu naut mannskapurinn þess að renna sér á skíðunum aftur niður eldfjallið sem lét ekki á sér kræla meðan á átökunum stóð.



SÍÐASTI TILBOÐSDAGURINN!

ALLAR FERÐATÖSKUR

30%
AFSLÁTTUR

GRÍPTU GÆSINA

ALLAR
FERÐATÖSKU-
HLÍFAR

30%
AFSLÁTTUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 01. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Ræður þessu



Hörður Áegisson

horður@frettabladid.is

Höggjó af falli WOW air, sem kom fæstum á óvart sem hafa fylgst með dauðastríði félagsins undanfarna mánuði, verður umtalsvert á árinu. Þótt 25 önnur flugfélög muni fljúga til og frá landinu í sumar er ljóst að skarðið sem WOW skilur eftir sig – um 20 prósent af ætluðu heildarsætaframboði – verður aðeins að litlum hluta fyllt af öðrum félögum. Ofskammur tími er fyrir þau til að gera breytingar á sumarætlun sinni. Gjaldeyrstekjur þjóðarbúsins munu dragast saman sem aftur setur þrýsting á gengið. Hóflægur hagvöxtur mun að líkindum breytast í samdrátt, raunverð fasteigna á eftir að lækka meira en ella og atvinnuleysi mun stórukast. Við sáum forsmekkin af því sem koma skal í lok síðustu viku þegar vel á þriðja þúsund manns var sagt upp störfum. Það jafngildir meira en einu prósent allra sem eru á vinnumarkaði. Frekari uppsagnir ásamt gjaldþrotum fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu, eru án efa óumflýjanleg.

Það er hins vegar engin ástæða til að órvænta. Ísland er komið á kortið sem ferðaþjónustuland og það mun ekki breytast með brotthvarfi WOW air. Það sem meira máli skiptir er að undirstöðir þjóðarbúsins til að takast á við slíkt áfall, sem gjaldþrot kerfislega mikilvægs fyrirtækis hefur í för með sér, hafa aldrei verið sterkari. Ævintýrlegur vöxtur WOW air, sem reyndist að lokum ekki grundvallast á sjálfbærum rekstrarforsendum, hefur átt sinn þátt í fordæmalausri kaupmáttaraukningu launafólks og eins þeim mikla og viðvarandi afgangi sem verið hefur á viðskiptum okkar við útlönd um langt skeið.

Ávinningur landsmanna af þessum uppgangi er varanlegur og skilaði sér meðal annars í gjaldeyrstekjum upp á mörg hundruð milljarða. Erlend staða þjóðarbúsins er því orðin ein sú besta í Evrópu og Seðlabankinn ræður yfir 700 milljarða gjaldeyrisforða sem hann getur beitt til að vinna gegn mögulegu gjaldeyrisútlæði. Þessi staða, ásamt þeirri staðreynd að skuldir fyrirtækja, heimila og ríkissjóðs eru afar lágar í sögulegu samhengi, gerir það að verkum að hagkerfið ætti að komast klakklaut í gegnum þær efnahagsþrengingar sem nú blasa við. Kjörástandur eru til að ná fram mjúkri lendingu og að óbreyttu ætti að vera hægt, sem er ekki í boði í mörgum okkar helstu viðskiptalöndum, að lækka vexti talsvert til að sporna við of djúpum samdrætti. Það yrði þá einsdæmi í hagsögunni.

Fíllinn í herberginu, sem er ekki krónan eins og sumir halda fram hugsunarlaust, er vinnumarkaðurinn. Misráðin væntingastjórnun verkalýðshreyfingarinnar, sem framkallaði verkfallsaðgerðir gagnvart viðkvæmstu en í senn mikilvægustu atvinnugrein landsins, hefur valdið ómældum og tilgangslausum skaða. Eftir margra mánaða hatrammar deilur er nú hins vegar útlit fyrir að kjarasamningar séu að nást. Sá tónn sem heyrir frá sumum leiðtogum stéttarfélaganna gefur til kynna að þar séu menn farnir að nálgast einhvers konar jarðtengingu. Fíllinn í herberginu, sem er ekki krónan eins og sumir halda fram hugsunarlaust, er vinnumarkaðurinn. Misráðin væntingastjórnun verkalýðshreyfingarinnar, sem framkallaði verkfallsaðgerðir gagnvart viðkvæmstu en í senn mikilvægustu atvinnugrein landsins, hefur valdið ómældum og tilgangslausum skaða. Eftir margra mánaða hatrammar deilur er nú hins vegar útlit fyrir að kjarasamningar séu að nást. Sá tónn sem heyrir frá sumum leiðtogum stéttarfélaganna gefur til kynna að þar séu menn farnir að nálgast einhvers konar jarðtengingu.



Sá tónn sem heyrir frá sumum leiðtogum stéttarfélaganna gefur til kynna að þar séu menn farnir að nálgast einhvers konar jarðtengingu.

Vörumerkjaforvörður óskast

Að verja vörumerki fyrir skemmdum er þjóðþrifastarf.

tvist.is/atvinna

TVIST

Auglýsingastofa

Halldór



Frá degi til dags

Heimur á röngunni
Við lifum á skringilegum tímum. Þingmenn Miðflokksins, með formann sinn fremstan í flokki, halda áfram að ausa úr skálum visku sinnar um hvernig Báru Halldórsdóttur tókst að taka þau upp brúka kjaft. Líklegt er framboðið af samsæriskenningu þessara þingmanna meiri en eftirspurnin en fréttir eru áfram sagðar um hvað þessir aumingjans þingmenn eru mikil fórnarlömb. Á sama tíma eru allir í fjölmiðlabanni í Karphúsinu og hvorki heyrir hósti né stuna um griðarlega mikilvægar samningaviðræður. Er ekki hægt að snúa þessu við; senda Miðflokksmenn í fjölmiðlabann og leyfa okkur að fylgjast náið með samningum á almennum vinnumarkaði?

Beiskur kaleikur verkalýðs
Óhætt er að segja að samningaviðræðurnar sem nú fara fram í Karphúsinu séu þær mikilvægustu í áratugi. Líklega eru allir á því að minna sé til skiptanna nú en var fyrir stuttu og mikilvægt að samningar kollvarpi ekki stöðugleika. Hins vegar er áhugavert að velja fyrir sér að stöðugleiki er alltaf fyrirtækjum að þakka en verðbólgan er verkalýðsins. Gylfi Zoega hagfræðiprófessor sagði einmitt í Silfrinu að íslensk verkalýðshreyfing myndi ráða vaxtastiginu í landinu næstu misseri. Alltaf skal það vera litla öreiganum að kenna ef allt fer hér til landskotsans.
sveinn@frettabladid.is

Til hamingju, FKA og stjórnvöld!



Rakel Sveinsdóttir formaður Félags kvenna í atvinnulífínu (FKA)

Þann 5. apríl næstkomandi munu konur fjölmenna í Hörpunni kl. 18. Tilefnið er 20 ára afmæli FKA. Gleðin verður mikil en viðburðurinn er þó liður í því að efla tengsl kvenna sín á milli. Allt hófst þetta árið 1997 þegar þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Finnur Ingólfsson, skipaði starfhóp til að meta þörf fyrir stuðningsaðgerðir kvenna í atvinnurekstri. Starfshópurinn skilaði af sér niðurstöðum árið 1999 þar sem mælt var með aðgerðum. Horft var til Kanada og Bandaríkjanna sem fyrirmynd.

Úr varð að viðskiptaráðuneytið stóð fyrir stofnfundi félagsins 9. apríl árið 1999, í samvinnu við konur í atvinnurekstri. Í tilkynningu ráðuneytisins sem birt var í Morgunblaðinu sagði: „Lagði nefndin m.a. til að stofnað yrði félag eða „tengslanet“ kvenatvinnurekenda með stuðningi stjórnvalda sem hefði það að meginmarkmiði að efla samvinnu og samstöðu þeirra m.a. með það fyrir augum að þær verði áhugaverður markhópur fyrir banka og lánastofnanir.“

Fyrstu árin var viðskiptaráðuneytið fjárhagslegur bakhjarl FKA og kostaði til stöðugildi starfsmanns hjá Impru til að sjá um rekstur skrifstofu, s.s. innheimtu félagsgjalda, útgáfu fréttabréfa og fleira. Árið 2005 var félagið opnað fyrir fleiri aðildarkonum og í kjölfarið var nafninu breytt í Félag kvenna í atvinnulífínu í stað „atvinnurekstri“. Þetta þýðir að FKA-konur í dag eru stjórnendur í fyrirtækjum eða stjórnarkonur, án þess að þurfa að vera eigendur. Þótt konum hafi fjölgað, umsvif aukist og verkefnið orðið stærri hefur FKA aldrei hnikað frá þeim tilgangi sínum að vera tengslanet sem stöðugt vinnur að því að efla samvinnu og samstöðu kvenna. Þess vegna hvetjum við sem flestar leiðtogakonur til að skrá sig á viðburðinn í Hörpu næstkomandi föstudag. Saman stöndum við, saman fögnum við.

Ég hvet konur í atvinnulífínu og stjórnárum til að mæta og fagna því samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda sem hófst fyrir 20 árum. Eflum tengslanetið og sjáumst í Hörpu.



Þetta þýðir að FKA-konur í dag eru stjórnendur í fyrirtækjum eða stjórnarkonur, án þess að þurfa að vera eigendur.

Viðureignin við samsærisöflin

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég skal viðurkenna það, að þegar hlutir ganga ekki vel — enginn svarar tölvupóstum frá mér eða lítið er að gera í harkinu — þá hef ég tilhneigingu til að álykta sem svo að fulltrúar óskilgreindra afla sem eru mér andsnúin hafi hist einhvers staðar og ákveðið á fundi að nú skyldi lokað á þennan Guðmund. Nú sé tími til kominn að lækka rostann í því kvikindi.

Sem betur fer reyni ég eftir fremsta megni að láta þessar tilfinningar ekki í ljós við nokkurn mann. Það er ekki vegna þess að ég vilji ekki gefa á mér höggstað í viðureign minni við öflin, heldur út af hinu: Ég veit auðvitað að þessar tilfinningar eru bull. Þetta eru bara leiðindi í sálinni. Þunglyndisþésinn — sem ég held að allir hafi inni í sér í mismiklum mæli — er iðinn við að hvísla böli í eyrað á manni.

Það sem Willie Nelson sagði

Svona getur sálin verið furðuleg. Hugarþelið leitar í þá niðurstöðu, þegar hlutir eru ekki að ganga upp, að maður sé fórnarlamb. Oft þarf ekki mikið til, bara blöndu af þreytu, stressi, vondu vedri og leiðinlegu bréfi frá bankanum og bingó. Allir eru vondir við mann.

Willie Nelson, sá snaggaralegi kántrígrallari, hittir naglann á höfuðið í frábærri ævisögu sinni. Hann hefur nú aldeilis mátt þola mörg þung höggin í sínum lífsviðureignum, en eina ráðleggingu gefur hann lesendum sínum: Maður má aldrei líta á sjálfan sig sem fórnarlamb.

Það er góður sannleikur í þessu. Velgengni í lífinu er auðvitað svo miklu meira undir manni sjálfum komin

heldur en nokkurn tímann einhverju ímynduðu samsæri annarra gegn manni. Það er bara svo freistandi, og auðvelt, að búa frekar til veröld þar sem aðrir eru vondir við mann, heldur en að horfast í augu við gallana í eigin sálarlífi og vinna í þeim. Að telja sig fórnarlamb — og vera almennt hundleiðinlegur — er ein auðveldasta leiðin til að takast ekki á við sjálfan sig.

Áhugi fólks á sér

Einu sinni las ég líka frábæra grein, um sálfræði. Þar var það útskýrt hvernig allar manneskjur, meira eða minna, virðast iðulega ofmeta áhuga annarra á sér. Þetta er ein meginvillan í þankangangi fólks. Leiðin að þessari villu er svolítið áhugaverð: Fólk hefur almennt mjög mikinn áhuga á sér. Fólk þælir mikið í sjálfu sér, enda er fólk fast inni í sér og sínum líkama. Vegna þess að fólk þælir svona mikið í sjálfu sér, þá hefur það almennt mjög eðlilega tilhneigingu til að álykta sem svo að allir aðrir geri það líka. En það er auðvitað ekki rétt. Aðrir eru jú líka mestmegnis bara að þæla í sér. Ekki þér.

Fattiði? Í svona heimi, sem er í grunnatriðum sjálfmíðaður, þarf rosamikið til að einhver nenni í samsæri gegn öðrum. Fólk hefur ekki tíma fyrir svoleiðis. Fólk hefur meiri áhuga á því að vera heima og horfa á Game of Thrones, eða að fara út með hundinn sinn eða að bera á gönguskiðin sín eða fá magavöðva eða kenna barnabarni sínu að smíða.

Öfgaegóismi

Að telja fólk vera í samsæri gegn sér er



því í raun viss tegund af mjög öfgafullum egóisma. Ég er svona rosa-sérstakur, að aðrir í veröldinni hafa ákveðið að láta af hinum eðlislæga fókusi á sjálfan sig og umhverfi sitt og setja fókusið frekar á mig. Ég er svona mikil ógn. Bára Halldórsdóttir fór ekki inn á barinn af rælni og byrjaði að taka upp vegna þess að henni blöskraði dónatalið í þingmönnum. Nei, hitt er líklegra, vegna þess að ég er svo svakalegur: Hópur fólks hefur um langa hríð unnið að þessu verki. Veröldin er svona: Öryrkjar, slatti af Vinstri grænum og, að auki, nokkrir lykilméðlimir í félagi stuðningsfólks um þriðja orkupakkann, sem er áhrifamikil leynifélag hér í bæ, hafa verið að hittast um langa hríð og lagt á ráðin. Augljóst mál.

Önnur villa

Fólk fer mislangt í því að hleypa samsærispúkanum sínum á skeið. Sumir láta þessar hugsanir uppi í löngu máli í grein og birta hana svo. Þá eru menn djúpt sokknir. Þetta að lokum: Ekki síst í stjórnmálum getur sú hugsun orðið mjög sterk, að telja aðra vera í samsæri gegn manni — og þetta er hluti af fórnarlambsfreistingunni — á meðan staðreyndin er einfaldlega sú að maður nýtur yfirgripsmikillar óvildar í samfélaginu, einfaldlega vegna þess að maður hefur uppskorið hana. Þessu má ekki rugla saman. Óvildin bendir ekki til samsæris. Mun líklegra er að óvildin spretti af því að maður hafi verið of mikill skíthæll. Og þá þarf að vinna í því.



Óvildin bendir ekki til samsæris. Mun líklegra er að óvildin spretti af því að maður hafi verið of mikill skíthæll. Og þá þarf að vinna í því.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði — sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN





ÚRVAL ÚTSÝN

SÓLARSTRENDUR MIÐJARÐARHAFSINS

VERÐ FRÁ
87.900 KR.

Úrval Útsýn leggur metnað í að bjóða upp á nýja áfangastaði fyrir alla þá ferðalanga sem ár eftir ár kjósa að eyða sumarfríinu með okkur víða um heim. Í sumar bætast við tveir sólarstaðir við Miðjarðarhafið, sem báðir hafa tekið stórt stökk fram á við í þjónustu við sólþyrsta ferðamenn. Þessir spennandi áfangastaðir eru ólíkir en bjóða báðir spennandi menningu, frábærar strendur, hreinan sjó, fjölbreytta afþreyingu, og úrval gistaða.

TYRKLAND MARMARIS OG BODRUM

Tyrkland hefur slegið í gegn hjá Íslendingum líkt og öðrum íbúum Evrópu. Árum saman hafa Norðurlandabúar streymt suður til Tyrklands til þess að njóta sólar og skemmtunar á fegurstu ströndum Miðjarðarhafsins.

GRAND CETTIA ***** MARMARIS



2.-10. JÚNÍ 8 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 114.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 135.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALLT
INNIFALIÐ

GODDESS OF BODRUM ISIS HOTEL ***** BODRUM



2.-10. JÚNÍ 8 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 123.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 156.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LÚXUS
ALLT
INNIFALIÐ

FIDAN APARTMENTS *** MARMARIS



20. JÚNÍ – 1. JÚLÍ 11 NÆTUR
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 97.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 122.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

FORUM RESIDENCE ***** MARMARIS



1.-11. JÚLÍ 10 NÆTUR
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 111.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 142.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

CANDAN APARTMENTS *** MARMARIS



1.-12. ÁGÚST 11 NÆTUR
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 108.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 136.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HOTEL SAMARA ***** BODRUM



22. ÁGÚST – 2. SEPTEMBER 11 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 204.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 249.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LÚXUS
ALLT
INNIFALIÐ

HOTEL ELEGANCE ***** MARMARIS



2.-12. SEPTEMBER 11 NÆTUR
Tvíbýli ALLT INNIFALIÐ

VERÐ FRÁ 155.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 197.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALLT
INNIFALIÐ

Innifalið í verði er flug, gisting, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.



Verð eru birt með fyrirvara um prentviltur og stafrængi.

COSTA BRAVA

LLORET DE MAR, TOSSA DE MAR,
PINEDA DE MAR, BLANES

Costa Brava svæðið býður upp á fallegar og snyrtilegar strendur en auðvelt er að sameina strönd og borgarferð til Barcelona á þessum vinsæla áfangastað.

GRAN GARBI HOTEL ***** LLORET DE MAR



30. MAÍ – 8. JÚNÍ 9 NÆTUR
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ **87.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 103.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GUIART GOLD CENTRAL PARK AQUA RESORT ***** LLORET DE MAR



20.–29. JÚNÍ 9 NÆTUR
Tvíbýli gold með morgunverði

VERÐ FRÁ **104.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 133.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GHT TOSSA PARK APARTMENTS *** TOSSA DE MAR



1.–10. ÁGÚST 9 NÆTUR
Stúdíó

VERÐ FRÁ **124.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 152.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GOLDEN TAURUS AQUAPARK ***** PINEDA DE MAR



15.–24. ÁGÚST 9 NÆTUR
Tvíbýli með hálfu fæði

VERÐ FRÁ **176.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 199.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFAN
Í SÍMA 585 4000



Framherjinn Matthías Vilhjálmsson fagnar öðru marka sinna í fyrsta deildarleik sínum fyrir norska liðið Vålerenga um helgina. MYND/HEIMASÍÐA VÅLERENGA

Frábært að vera í lykilhlutverki

Matthías Vilhjálmsson átti erfitt uppdráttar á sínu síðasta tímabili sem leikmaður hjá Rosenborg þar sem fá tækifæri og meiðsli lituðu árið. Nú er hann kominn í nýtt lið Vålerenga þar sem honum liður einkar vel.

FÓTBOLTI Eftir erfitt síðasta ár hjá Rosenborg, þar sem hann átti ekki upp á pallborðið hjá þjálfara liðsins fyrri hluta leiktíðarinnar og var að glíma við krossbandsslit síðari hlutann, söðlaði knattspyrnumaðurinn Matthías Vilhjálmsson um í Noregi og gekk til liðs við Vålerenga í sumar.

Hjá Rosenborg varð Matthías Noregsmeistari fjórum sinnum og þrívægis bikarmeistari. Tækifærin voru hins vegar af skornum skammti á síðasta keppnistímabili og Matthías ákvað að finna sér nýja áskorun á ferli sínum.

Hann stimplaði sig rækilega inn hjá nýja liðinu þegar norska efsta deildin fór af stað á laugardaginn þegar hann skoraði bæði mörk Vålerenga í 2-0 sigri liðsins gegn Mjøndalen í fyrstu umferð deildarinnar. Mörkin sem Matthías skoraði voru

keimlík en hann fékk sendingu inn í vítateig Mjøndalen og kláraði færin af stakri þrýði með góðum skotum.

„Það er ofboðslega góð tilfinning að vera orðinn aftur lykilleikmaður hjá góðu liði. Að vera í byrjunarliði og að þekkja mína stöðu er mjög þægilegt. Síðasta árið mitt hjá Rosenborg var mjög erfitt vegna fárra tækifæra og meiðsla. Það er alltaf smá stress hjá öllum liðum í fyrstu umferðinni og það er gott að ná að brjóta ísinn með tveimur mörkum og sigri,“ segir Matthías.

„Hjá Vålerenga er ég hugsaður sem fyrsti kostur í framherjastöðunni eða sem sóknartengiliður. Þegar ég spilaði hjá Rosenborg gat ég verið að spila sem framherji og skoraði í einum leik og verið svo djúpur miðjumaður í þeim næsta. Ég lærði auðvitað mikið af því að spila ólíkar

Hjá Vålerenga er ég hugsaður sem fyrsti kostur í framherjastöðunni eða sem sóknartengiliður.

Matthías Vilhjálmsson

stöður en það er auðvitað miklu þægilegra að vera bara hugsaður í eina stöðu,“ segir hann enn fremur.

„Ég æfði mjög vel á undirbúnings-tímabilinu og formið á mér er mjög gott. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn mótiverður fyrir undirbúnings-tímabil eftir leiðinlegan kafla þar á undan. Meiðslin eru algerlega að baki og ég er nálægt besta ástandi sem ég hef verið í á ferlinum. Ég var staðráðinn í að koma til baka og sýna fólki hér úti hvað í mér býr og ég er bara mjög bjartsýnn á gott gengi

mitt og liðsins á tímabilinu. Þetta byrjar allavega vel og nú er bara að byggja á þessu í komandi leikjum,“ segir framherjinn öflugur.

„Vålerenga er stórt félag sem ætlar sér ávallt að gera góða hluti í deildinni ár hvert og stefnir á meistartitilinn. Það er alveg raunhæft að stefna á það þar sem við höfum á að skipa góðum leikmönnum. Við erum með lið sem getur unnið öll önnur lið í deildinni. Liðið hafnaði hins vegar í sjötta sæti deildarinnar í fyrra þannig að það þarf margt að ganga upp til að við getum barist um titilinn,“ segir Ísfríðingurinn geðþekki sem hefur mest skorað 11 mörk í efstu deild í Noregi en það gerði hann á sinni fyrstu leiktíð með Start árið 2013 en árið áður skoraði hann 18 mörk í næstefstu deild. hjorvar@frettabladid.is

Nýjast

Olísdeild karla



Gróttá - ÍR 23-32

Gróttá: Jóhann R. Gunnlaugsson 6, Magnús Óðer Einarsson 5, Viktor O. Þorsteinsson 4. **ÍR:** Bergvin Þór Gíslason, Sturla Ásgeirsson 9, Björgvin Þór Hólmgeirsson 3.

Fram - Selfoss 29-31

Fram: Andri Þór Helgason 9, Þorsteinn G. Hjálmarsson 8, Þorgrímur S. Ólafsson 5. **Selfoss:** Haukur Þrastarson 7, Elvar Örn Jónsson 6, Hergeir Grímsson 5, Árni Steinn Steinþórsson 5.

Haukar - Afturelding 22-19

Haukar: Heimir Óli Heimisson 6, Adam Haukur Baumruk 4, Einar Pétur Pétursson 4. **Afturelding:** Elvar Ásgeirsson 4, Árni Bragi Eyjólfsson 3, Einar Ingi Hrafnsson 3, Júlíus Þórir Stefánsson, Emils Kurzemnieks 3.

KA - ÍBV 28-30

KA: Tarik Kasumovic 11, Aki Egilsnes 5, Allan Nordberg 4, Dagur Gautason 3, Jón Heiðar Sigurðsson 3.

ÍBV: Kristján Örn Kristjánsson 9, Fannar Þór Friðgeirsson 4, Hákon Daði Styrmisson 4.

Akureyri - Stjarnan 27-25

Akureyri: Hafþór Vignisson 5, Ihor Kopys-hynskyi 5, Gunnar Valdimar Johnsen 4. **Stjarnan:** Aron Dagur Pálsson 10, Garðar Benedikt Sigurjónsson 4.

FH - Valur 26-28

FH: Ásbjörn Friðriksson 8, Leonharð Harðarson 4, Ágúst Birgisson 4. **Valur:** Magnús Óli Magnússon 8, Anton Rúnarsson 4, Sveinn Aron Sveinsson 4, Ýmir Gíslason 4.

Olísdeild kvenna



Fram - Haukar 34-29

Fram: Karen Knútsdóttir 8, Steinunn Björnsdóttir 7, Þórey Rósa Stefánsdóttir 7, Ragneiður Júlíusdóttir 6.

Haukar: Berta Rut Harðardóttir 8, Ramune Pekarskyte 5, Maria Ines Da Silva Pereira 4.

Valur - HK 34-18

Valur: Lovisa Thompson 8, Iris Ásta Pétursdóttir 5, Morgan Marie Þorkeldsdóttir 4, Diana Dögg Magnúsdóttir 4.

HK: Diana Kristín Sigmarsdóttir 4, Berglind Þorsteinsdóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 3.

ÍBV - KA/Þór 27-22

ÍBV: Ester Óskarsdóttir 7, Karólína Láruddóttir 5, Ásta Björt Júlíusdóttir 4, Arna Pálsdóttir 4. **KA/Þór:** Martha Hermannsdóttir 6, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 4.

Stjarnan - Selfoss 27-32

Stjarnan: Þórhildur Gunnarsdóttir 8, Þórey A. Ásgeirsdóttir 7, Hanna G. Stefánsdóttir 4. **Selfoss:** Perla Ruth Albertsdóttir 9, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 8.

FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?

MOTION



Glæsilegur og vel útbúinn pallbill með 3.0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm tugi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

Volkswagen Amarok
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

Volkswagen Crafter
verð frá **6.220.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

Volkswagen Caddy
verð frá **2.870.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarkum. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

Volkswagen Transporter
verð frá **4.590.000 kr.**



Atvinnubílar



PÁSKAFJÖR

4BLS
KIPPA ÚT :)

Í TÖLVUTEK ER ÚRVAL AF FLOTTUM GRÆJUM

FRÁBÆRT TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 79.990

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi

Intel N4000
2.6GHz Burst Dual Core

4GB minni
DDR4 2400MHz

128GB SSD
M.2 diskur

17+
tímar

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi

Intel N5000
2.7GHz Pentium Quad Core

8GB minni
DDR4 2400MHz

256GB SSD
M.2 diskur

acer

ACER SWIFT 1

Glæsileg ný kynslóð
Ultrathin lúxus fartölva
með baklýstu lyklaborði
og 17 tíma rafhlöðu

69.990

Fartölva úr fisléttu áli
með ótrúlegar nýjungar

ACER SWIFT 1

Nýja lúxus línan með enn
öflugri 4 kjarna örgjörva,
ofurnett, fislétt og örþunn
úr gegnheilu áli

119.990

Öflug lúxus lína sem
kemur í 5 glitir litum

FERMINGAR SÍMINN Í ÁR!
Komið og skoðið
flaggskipið frá
OnePlus

6T 8+256GB
OnePlus 6T Midnight Black
114.990

6T 8+128GB
OnePlus 6T Thunder Purple
109.990

OnePlus 6^T

6T 6+128GB

OnePlus loks fánlegur á
Íslandi með áður óséðan
hraða, viðbrögð og ein-
stakar tækninýjungar

99.990

Aflæstu hraðanum!
Ný kynslóð farsíma

NINTENDO SWITCH

NINTENDO SWITCH
Frábær leikjatölva með
rauðum og bláum joycon

49.990

NÝTTI ER AÐ LENDA

3 GERDIR

RETRO LEIKJATÖLVA
Með þráðlausum stýri-
pinna, tengist í HDMI

4.990

PLÖTUSPILARI
Denver plötuspilari með
USB og 20 Vinylplötum

14.990

APPLE AIRPODS
Þessir einu sönnu með hleðsluhylki

25.990

PÁSKA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 9.990

ÞRÁÐLAUS PAXO
Þráðlaus Noise Cancelling heyrnartól

6.990

PÁSKA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR 16.990

NOKIA 1 SÍMI
Með tvær HDR myndavélar á frábæru verði

14.990

NETFLIX

SJÓNVARPSTÖLVA
MI BOX S 4K HDR, innbyggt Chromecast

16.990

Gjafabréf
Gefðu gjafabréf, það klikkar aldrei!

SNILLD!

SENDUM FRÍTT
Um land allt allar
vörur allt að 10 kg.

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

4BLS
KIPPA ÚT :-)

LEIKTU ÞÉR

UPPLIFÐU SÝNDARVERULEIKA Í GLÆSILEGU VR

RYZEN
GAMING

RADEON RX 560

PÁSKA TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR
149.990

Radeon RX 560X
4GB VR Ready leikjaskjákort
Ryzen5 2500U
3.6GHz Turbo Quad Core
8GB minni
DDR4 2666MHz
256GB SSD
M.2 diskur

acer

ACER NITRO 5

Öflug Acer Nitro leikjafartölva með RX 560X leikjaskjákort og baklýstu leikjalyklaborði

129.990

Glæsileg og öflug Acer Nitro leikjafartölva

GAMING

NVIDIA GEFORCE GTX

Intel CORE i5 8th Gen

144Hz

GTX 1060
6GB VR Ready leikjaskjákort
Intel i5 8300H
4.0GHz Turbo Quad Core
8GB minni
DDR4 2666MHz
512GB SSD
NVMe diskur

acer

ACER NITRO 5

Átti afar góðan leik sem sóknartengiliður í sigri Everton gegn West Ham United. Gylfi Þór lagði upp fyrra mark Everton í leiknum en hornspyrna hans rataði beint á kollinn á Kurt Zouma sem skallaði boltann í netið.

Íslenski landsliðsmaðurinn fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína í breskum fjölmiðlum.

Burnley Jóhann Berg Guðm.

Kom inn á sem varamaður undir lokin þegar Burnley vann langþráðan og mikilvægan sigur gegn Wolves.

Cardiff City Aron Einar Gunnarsson

Lék allan leikinn fyrir Cardiff City sem tapaði á svekkjandi hátt fyrir Chelsea.

Reading Jón Daði Böðvarsson

Var fjarri góðu gamni vegna meiðsla þegar Reading vann Preston North End.

Aston Villa Birkir Bjarnason

Var ekki í leikmannahópi Aston Villa sem lagði Blackburn Rovers að velli.



Framherjinn Mohamed Salah fagnar sigurmarki Liverpool í 2-1 sigri liðsins gegn Tottenham Hotspur í gær. Markið kom eftir skalla Salah en það var Toby Alderweireld.

Stólaleikurinn heldur áfram

Liverpool og Manchester City halda áfram að skiptast á að verma toppsætið í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla. Manchester City var á toppnum í rúman sólarhring um helgina en Liverpool endaði á toppnum eftir leiki umferðarinnar.

ENSKI BOLTINN Liverpool stóðst eitt af stóru prófunum sem verður að ná til þess að standa uppi sem enskur meistari þegar liðið hafði betur gegn Tottenham Hotspur í 32. umferð deildarinnar í gær. Oft er talað um að yfir liðum sveimi meistaraheppni og sigurmark Liverpool í leiknum gegn Tottenham Hotspur gæti talist einkenni slíkrar heppni.

Líklegt þykir að þetta sigurmark sem og ótrúlegt sigurmark Divock Origi í leik gegn Everton fyrr í vetur verði rifjað upp fari svo að Liverpool rjúfi 29 ára bið sína eftir því að verða enskur meistari. Þetta var í þriðja skipti í vetur sem Liverpool skorar sigurmark í uppbótartíma.

Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin

Liverpool náði að breyta einu stigi í þrjú með því að skora sigurmark gegn Tottenham Hotspur í uppbótartíma leiksins. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Liverpool að halda málum í því horfi að misstigi Manchester City sig á lokakafnanum geti Liverpool nýtt sér það.

Hvað kom á óvart?

Jóhann Berg Guðmundsson og félagar hans hjá Burnley komu á óvart með því að ná í gríðarlega mikilvæg stig með sigri sínum gegn Wolves. Úlfarnir hafa verið eitt af spútnikliðum deildarinnar í vetur á meðan Burnley berst í bökku eftir misjafnt gengi á keppnistímabilinu.

Mestu vonbrigðin

Cardiff City með Aron Einar Gunnarsson innanborðs var nálægt því að næla í þrjú óvænt stig þegar Chelsea kom í heimsókn til Wales. Cardiff City var 1-0 yfir þegar skammt var eftir af leiknum en Chelsea snéri aftur á móti taflinu sér í vil á lokamínútum leiksins.

Leikmaður helgarinnar

Bernardo Silva átti enn eina flottu frammistöðu fyrir Manchester City þegar liðið vann skyldusigur gegn lánlausu liði Fulham. Silva lagði upp mark Sergio Agüero í leiknum og var svo sjálfur á skotskónum í seinna marki Manchester City.

Þessi 24 ára gamli sóknartengiliður hefur nú skorað jafn mörg mörk í deildinni á yfirstandandi leiktíð og hann gerði í 35 leikjum á síðasta keppnistímabili, eða sex talsins. Hann hefur svo sjö leiki til þess að bæta markaskor sitt.

Auk þess að skora þessi sex mörk hefur Silva lagt í þúkkið fyrir Manchester City með því að leggja upp sjö mörk fyrir samherja sína. Það eru jafn margar stoðsendingar og Agüero hefur sent en Leroy Sané og Raheem Sterling eiga flestar stoðsendingar í liðinu, með níu hvor.

Hlutverk Silva hefur aukist umtalsvert hjá Manchester City á yfirstandandi leiktíð en hann kom mikið inn á sem varamaður á sinni fyrstu leiktíð með liðinu í fyrra en er nú orðinn fastur maður í byrjunarliði Pep Guardiola.



Nú munar tveimur stigum á liðunum en Manchester City stendur betur að vígi þar sem liðið á leik til góða. Hinir ríkjandi meistarar hafa einnig betri markatölu en þar munar sjö mörkum, Manchester City í vil.

Liverpool hefur aldrei áður verið með jafn mörg stig eftir 32 leiki en síðast var liðið með ámóta mörg stig, eða 76 talsins, vorið 1988.

Dagskrá liðanna sem eftir eru í deildinni er svipuð en leikir Liverpool gegn Chelsea og Wolves eru fyrirfram erfiðustu verkefni en auk þess mætir liðið Southampton, Cardiff City og Newcastle United sem eru í harðri fallbaráttu og svo Huddersfield Town sem er nú þegar fallið úr deildinni.

Manchester City á hins vegar eftir að mæta nágroñnum sínum



leik, varnarmaður Tottenham Hotspur, sem skoraði sjálfsmark. NORDICPHOTOS/GETTY

á toppnum

» Liverpool hefur áfram tveggja stiga forskot á Manchester City á toppi deildarinnar eftir leiki helgarinnar. Manchester City sem er ríkjandi meistari á leik til góða á Liverpool.

Manchester United og Tottenham Hotspur sem eru þeir leikir þar sem líklegast er að Manchester City missi af stigum. Þá verða fallbaráttuliðin Cardiff City, Crystal Palace og Brighton andstæðingar Manchester City sem og miðjumóðsliðið Leicester City.

Bæði lið eru komin áfram í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu en Liverpool mætir þar Porto á meðan Manchester City etur kappi við Tottenham Hotspur. Manchester City leikur hins vegar fleiri leiki en Liverpool á lokakaflanum þar sem liðið er komið í undanúrslit ensku bikarkeppinnar en liðið þarf að ryðja Brighton úr vegi til þess að fara alla leið í bikarúrslit.

Liverpool og Manchester City komu bæði vel undan síðasta landsleikjahléi keppnistímabilsins en lítil sem engin meiðsli herja á leikmannahópa liðanna fyrir

lokaspertinn. Leikmannahópur Manchester City er ríkari af leikmönnum sem geta skipt sköpum í leikjum og ætti aukaálagið sem fylgir þátttöku liðsins í bikarnum að koma niður á frammistöðu þess í deildinni.

Á hinum enda töflunnar vænkadist hagur Jóhanns Berg Guðmundssonar og samherja hans hjá Burnley sem unnu langþráðan sigur gegn Wolves. Burnley hafði sagast af fullum þunga inn í fallbaráttu deildarinnar með fjórum tölum í röð í deildinni.

Aron Einar Gunnarsson og liðsfélagar hans hjá Cardiff City eru hins vegar komnir fimm stigum frá öruggu sæti í deildinni á næstu leiktíð eftir einkar svekkjandi tap gegn Chelsea. Það sem stráir salti í sárin hjá leikmönnum Cardiff City er sú staðreynd að fyrra mark Chelsea hefði aldrei átt að standa vegna rangstöðu.

Baráttan um sæti í Meistaradeild Evrópu er áfram í einum hnút en Tottenham Hotspur og Manchester United eru jöfn að stigum í þriðja til fjórða sæti með 61 stig og Arsenal og Chelsea koma þar á eftir með 60 stig. Arsenal getur skotist upp töfluna með hagstæðum úrslitum í leik liðsins gegn Newcastle United í kvöld sem er síðasti leikur 32. umferðarinnar.

hjórvoro@frettabladid.is

Valur varð deildarmeistari

HANDBOLTI Valur tryggði sér á laugardaginn deildarmeistaratitilinn í handbolta kvenna með sannfærandi sigri á HK í næstsíðustu umferð deildarinnar.

Valur, sem varð fyrr í vetur bikarmeistari eftir sigur gegn Fram í bikarúrslitaleik, varði þar af leiðandi deildarmeistaratitil sinn. Síðasta vor var það hins vegar Fram sem stóð uppi sem Íslandsmeistari eftir rímu við Valskonur.

Valur trónir á toppi deildarinnar með 33 stig þegar ein umferð er eftir af deildarkeppninni og Fram sem er í öðru sæti er þremur stigum á eftir og getur því ekki hrífsað toppsætið af Val í lokaumferðinni.

Ljóst er orðið að Valur, Fram, ÍBV og Haukar munu leika undanúrslitaleikina um Íslandsmeistaratitilinn.

ÍBV er í þriðja sæti deildarinnar fyrir lokaumferðina en Eyjalíðið er tveimur stigum á undan Haukum. Liðin mætast í lokaumferðinni og hafa sætaskipti ef Haukar fara með sigur af hólmi í þeim leik.

Það er því ekki ljóst hvaða lið



Valskonur hafa orðið deildarmeistarar tvö tímabil í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

munu mætast í undanúrslitunum en það mun ráðast eftir leik Hauka og ÍBV.

Selfoss er svo fallið úr efstu deild en HK mun taka þátt í umspili um laust sæti í efstu deild

á næstu leiktíð. Afturelding mun taka sæti Selfoss í efstu deild og HK mun síðan heyja baráttu við ÍR, Fylki og FH um eitt laust sæti í efstu deild á næsta keppnistímabili. – hó

Tveir oddaleikir á dagskrá

KÖRFUBOLTI Það ræðst í kvöld hvaða lið munu leika til undanúrslita í Domino's-deild karla í körfubolta en þá fara fram oddaleikir í þeim tveimur viðureignum þar sem úrslitin eiga eftir að ráðast.

Tindastóll og Þór Þorlákshöfn mætast í Síkinu á Sauðárkróki

klukkan 18.30 og Njarðvík og ÍR eigast svo við í Ljónagryfjunni í Njarðvík klukkan 20.15.

Bæði einvíginn hafa þróast á sama hátt þar sem liðin sem enduðu ofar í deildarkeppninni, Njarðvík og Tindastóll, komust í 2-0 en ÍR og Þór neituðu hins vegar að gefast upp og

jöfnuðu metin með tveimur sigrum í röð.

Stjarnan og KR bíða þess í kvöld hvaða liðum þau munu mæta í undanúrslitunum en þar er um að ræða ríkjandi deildar- og bikarmeistara Stjórnunnar og KR sem hefur orðið Íslandsmeistari fimm ár í röð. – hó

Sara Björk komin í bikarúrslit

FÓTBOLTI Wolfsburg vann öruggan 4-0 sigur þegar liðið mætti Bayern München í undanúrslitum þýsku bikarkeppinnar í knattspyrnu kvenna í gær.

Sara Björk Gunnarsdóttir lék allan leikinn inni á miðsvæðinu hjá Wolfsburg og lagði upp eitt fjögurra marka liðsins í leiknum.

Wolfsburg hefur orðið bikarmeistari fjögur ár í röð og alls fimm sinnum í sögu keppinnar og liðið getur þar af leiðandi orðið bikarmeistari fimmta árið í röð og í sjötta skipti alls.

Andstæðingur Wolfsburgar í bikarúrslitaleiknum verður Freiburg sem lagði Hoffenheim að velli í hinum undanúrslitaleiknum með tveimur mörkum gegn enu.

Wolfsburg er svo einnig í baráttunni um þýska meistaratitilinn en liðið hefur jafn mörg stig og Bayern



Sara Björk mun leika með Wolfsburg í bikarúrslitum. NORDICPHOTOS/GETTY

München á toppi deildarinnar. Wolfsburg trónir á toppnum þar

sem liðið hefur hagstæðari markatölu. – hó

Kolbeinn mun leika í Svíþjóð

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson, næst markhæsti leikmaður í sögu íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, var í gær kynntur til leiks sem nýr leikmaður sænska liðsins AIK en félagaskiptin hafa legið í loftinu undanfarna daga.

Kolbeinn hefur verið án félags í tæpan mánuð eftir að hafa komist að samkomulagi við franska félagið Nantes um starfslok fyrri mánuðinum.

Íslenski framherjinn skrifar undir samning við AIK sem varð sænskur meistari síðasta vor og gildir hann til ársins 2021.

AIK gerði markalaust jafntefli við Östersund í fyrsta leik sænsku efstu deildarinnar á yfirstandandi leiktíð í gær. Kolbeinn gæti leikið sinn fyrsta leik fyrir AIK á sunnudaginn en liðið mætir þá Íslendingaliðinu Norrköping.

AIK er fimmta atvinnumannafélagið sem Kolbeinn er á mála hjá



Kolbeinn Sigþórsson mun leika með AIK næstu tvö árin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

en hann lék með hollensku liðunum AZ Alkmaar og Ajax, Nantes í Frakklandi og samdi svo við Galatasaray í Tyrklandi en lék aldrei leik þar vegna meiðsla.

„Það er mikið gleðiefni að hafa fest mig til framtíðar hjá AIK. Ég hef gengið í gegnum erfiða tíma undanfarnin misseri en ég er stað-

rðinn í að sýna mitt besta héra. Framtíðin er björt hjá AIK og ég hlakka til að byrja að æfa og spila með liðinu.

Ég er í góðu líkamlegu formi og hef styrkt mig mikið síðustu mánuði,“ sagði Kolbeinn í viðtali á heimasíðu félagsins eftir að félagaskiptin voru gengin í gegn. – hó

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1815 Otto von Bismarck, forsætisráðherra Prússlands og síðar kanslari sameinaðs Þýskalands, fæddist á þessum degi. Hann var kallaður járnkanslarinn en hann taldi að Þýskaland yrði sameinað með járn og blóði en ekki umræðum og kosningum.

1873 Dansk-íslenski stjórnámaðurinn Hilmar Finsen verður fyrsti landshöfðingi Íslands. Landshöfðingjatímabilið stóð til 1904 þegar Íslendingar fengu heimastjórn.

1873 Gufuskipið RMS Atlantic sekkur undan ströndum Nova Scotia í Kanada með þeim afleiðingum að 547 manns láta lífið. Skipið var á leið frá Liverpool til New York.

1924 Adolf Hitler er dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir hlut sinn í misheppnaðri valdaránstíraun í München árið áður. Hitler situr þó aðeins inni í níu mánuði og notar tímamót meðal annars til að skrifa bókina Mein Kampf.



1927 Ungverski knattspyrnumaðurinn **Ferenc Puskas** fæðist á þessum degi. Hann er talinn einn af bestu knattspyrnumönnum sögunnar og var lykilmáður í frægu liði Ungverja á sjötta áratug síðustu aldar.

1948 Færeysjar fá heimastjórn en lög þess efnis tóku gildi á þessum degi.

1976 Tölvufyrirtækið Apple er stofnað í Kaliforníu af þeim Steve Jobs, Steve Wozniak og Ronald Wayne.

1979 Íran verður íslamskt lýðveldi eftir að 99,3 prósent kjósa með því í þjóðaratkvæðagreiðslu.

1983 Fylkismaðurinn og fyrrverandi landsliðsmaðurinn í knattspyrnu **Ólafur Ingi Skúlason** fæðist á þessum degi. Hann fagnar því 36 ára afmæli í dag.

2001 Holland verður fyrsta land heimsins til að lögleiða hjónaband fólks af sama kyni.

2004 Google kynnir tölvu-póstþjónustuna Gmail til sögunnar. Í dag eru notendur orðnir fleiri en einn og hálfur milljarður um allan heim.



Þann 14. nóvember 1944 hittust forsætisráðherra Bretlands, Winston Churchill, og bandaríski hershöfðinginn Dwight D. Eisenhower, yfirmaður heraflla Bandamanna. Churchill skoðaði húsvagn Eisenhovers og blés þar vindlareyk. NORDICPHOTOS/GETTY

Heimsveldafundur í Reykjavík uppspuni Tímans

Í Tímanum fyrir 64 árum birtist frétt um að Churchill og Eisenhower myndu hitta Nikolaj Búlganín í Reykjavík síðar í mánuðinum. Fréttin er um margt áhugaverð en fundur sem þessi var sannarlega haldinn rúmum þremur áratugum síðar.

Heimsveldafundur hinna „þriggja stóru“ haldinn hér í Reykjavík var fyrirsögn fréttar í Tímanum á þessum degi árið 1955. Um stórmerkilegan atburð var að ræða þar sem Winston Churchill, Dwight D. Eisenhower og Nikolaj Búlganín áttu að hittast í Reykjavík síðar í mánuðinum þar sem Rússar hefðu óskað eftir því að fundur þeirra yrði haldinn hér á landi.

Þetta átti að hafa komið fram í fréttatilkynningu þá um nóttina. „Mun ríkisstjórninni hér hafa verið kunnugt um þetta, þótt það hafi ekki siast út og hún verið innt eftir því, hvort nokkur aðstæða til slíks fundarhalds væri hér. Ríkisstjórnin mun hafa svarað þessu játandi,“ segir í fréttinni og talið líklegt að fundurinn yrði haldinn í hátíðarsal Háskóla Íslands.

Aðeins rúmur áratugur var frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og kalda stríðið milli stórveldanna var hafid.



Fréttin í Tímanum þennan dag fyrir 64 árum er þó ekki forvitnileg fyrir þær sakir að hafa greint frá stórmerkilegum heimsviðburði. Hið rétta er að hér var á ferðinni fyrsta aprílsgabbid sem birtist í fjölmiðli hér á landi. Allar götur síðan hafa íslenskir fjölmiðlar reynt að fá lesendur sína til að hlaupta apríl, með misjöfnum árangri þó.

Samt sem áður er áhugavert að velta fyrir sér að Tíminn hafi árið 1955 skrifað frétt um fund heimsveldanna í Reykjavík, sem var uppspuni frá rótum. Þannig spáði blaðið óafvitandi fyrir um fund Reagans Bandaríkjaforseta og Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna, rúmum þremur áratugum síðar.

Tíminn birti daginn eftir frétt um að hér hefði vitaskuld verið um svokallaða apríl-frétt að ræða og varaði lesendur sína við að trú á öllu sem stæði í blöðum þennan daginn. Hefðu margir hringt inn á ritstjórn þann daginn til að fá að vita meira um þennan fyrirhugaða fund.

svinn@frettabladid.is



Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERDIST 1. APRÍL 1984

Marvin Gaye myrtur af föður sínum


Bandaríski tónlistarmaðurinn Marvin Gaye lést af völdum skotaverka þann 1. apríl 1984. Faðir hans, Marvin eldri, var þar að verki en hann skaut son sinn sem lá í rúmi sínu tveimur skotum. Annað skotið hafði Marvin yngri í hjartað og leiddi það til dauða hans.

Aðdragandi morðsins var sá að Marvin yngri hafði stöðvað rífrildi foreldra sinna og beitt föður sinn líkamlegu ofbeldi í kjölfarið. Faðirinn var í kjölfarið greindur með heilæxli og morðákæru

þá breytt í manndrapsákæru.

Marvin eldri var dæmdur í sex ára skilorðsbundið fangelsi. Hann lést á hjúkrunarheimili árið 1998.

Marvin yngri sem var stundum kallaður Motown-prinsinn var einn af þeim sem mótuðu Motown-hljóminn á 7. áratugnum. Meðal þekktustu laga hans eru I Heard It Through the Grapevine, Let's Get It On og Got to Give It Up, sem öll náðu efsta sæti bandaríska vinsældalistans.



ht.is

1.- 22. APRÍL
HEIMILISTÆKJA
DAGAR



20-40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM STÆRRI HEIMILISTÆKJUM

STÓRAUKIÐ VÖRÚRVAL!



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík ☁ 1 4 °C ←	Ísafjörður ☀ -4 2 °C →	Akureyri ☁ 1 1 °C ↙
Egilsstaðir ☀ 3 3 °C ↑	Kirkjubæjarkl ☁ 0 2 °C ←	Hveravellir ☁ -6 5 °C ↑

Sunnan og suðvestan 5-13 m/s og rigning eða slydda sunnan og vestan til, en slydda eða snjócoma síðdegis. Heldur hægari og þurr um landið norðaustanvert. Hiti 0 til 5 stig í dag. Fremur hæg breytileg átt með morgninum og sums staðar dálítill el, en vaxandi norðan átt seinnipartinn, 10-18 m/s um landið norðvestanvert og eljagangur. Frost 0 til 5 stig, en víða frostlaust við sjávarsíðuna að deginum.

Þriðjudagur

Reykjavík ☀ 0 6 °C ↙	Ísafjörður ☀ -6 3 °C ↙	Akureyri ☁ -2 6 °C ↓
Egilsstaðir ☁ -1 10 °C ↓	Kirkjubæjarkl ☀ 0 6 °C ↓	Hveravellir ☁ -8 10 °C ↙

Miðvikudagur

Reykjavík ☁ 4 8 °C ↘	Ísafjörður ☁ -1 5 °C ↘	Akureyri ☁ -2 1 °C ↑
Egilsstaðir ☁ -4 2 °C ↑	Kirkjubæjarkl ☁ 2 2 °C ←	Hveravellir ☁ -4 9 °C ↑

LÉTT

3	1		5				
	9			4	8	6	
	4	7		8	3	9	
7				9	6	3	
	3		1		2		
8	5			4	7	2	
		4				8	7
				7	1	5	
1							

MIDLUNGS

	6			9	5			
7			4				3	
	9			1	4		7	
		9			7			
3			7		5		2	1
				2				
	1	4	8			5	9	
		5	2	4			6	
8				6		3	4	

PUNG

		2		3				9	
					6				7
				9	2	4			6
						5	3		
9			4	1	8				
7				9				8	2
		4					7		1
	7						8		
3	1								

Krossgáta

- | | |
|------------------|---------------------|
| LÁRÉTT | LÓDRÉTT |
| 1 hrekja | 1 ánetjast |
| 5 kopar | 2 gáðu |
| 6 fyrir hádegi | 3 heidur |
| 8 stæða | 4 hlé |
| 10 í röð | 7 mæstast |
| 11 hlé | 9 flosna |
| 12 fjötraði | 12 smáhögg |
| 13 klukkusláttur | 14 prjónavarn-ingur |
| 15 íþrótt | 16 rómversk tala |
| 17 gera | |

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 fæma, 5 eir, 6 fh, 8 stafl, 10 ru, 11 lát, 12 bát, 13 slæg, 15 tennis, 17 skat, LÓDRÉTT: 1 festast, 2 litu, 3 æra, 4 arfak, 7 hitast, 9 flaga, 12 bank, 14 les, 16 ll.

Skák Gunnar Björnsson

Kotov átti leik gegn Stoltz í Saltsjobaden árið 1952.

Svartur á leik



1...f2! (hótar 1...Hg1#). 2. Bg2 Df3!! 0-1. Hörðuvallaskóli varð Íslandsmeistari grunnskóla-sveita um helgina. Rimaskóli varð í öðru sæti og Lauga-lækjarskóli í því þriðja. Páskamót Vinaskákléagsins fer fram í dag sem og Páskaeggjamót Hugans sem jafnframt er fyrsta undanrásamótið fyrir Barna Blitz-úrslitakeppnina í Hörpu.

www.skak.is: Ný alþjóðleg skákstig.

KATLA FUND

Investment Company with variable capital
9, boulevard Prince Henri, L-1724 Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 96 002 - (the "Company")

ANNUAL GENERAL MEETING

The board of directors convenes the shareholders of the Company to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the Company on April 18, 2019 at 10:00 with the following agenda :

1. Report of the board of directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at December 31, 2018
3. Allocation of results
4. Discharge to the directors
5. Appointment of the approved statutory auditor
6. Statutory elections

The shareholders are advised that no quorum is required and that decisions will be taken by a simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Company. The shareholders who wish to attend the meeting must inform the board of directors (domiciliation@conventum.lu) at least five business days before the meeting.

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9

3	6	8	4	7	9	5	1	2
9	7	1	5	3	2	6	4	8
2	4	5	6	8	1	7	9	3
1	9	2	7	6	3	4	8	5
4	3	6	8	1	5	9	2	7
8	5	7	2	9	4	1	3	6
5	2	3	9	4	7	8	6	1
6	1	4	3	5	8	2	7	9
7	8	9	1	2	6	3	5	4

4	9	6	1	2	7	5	3	8
1	3	5	6	4	8	9	2	7
7	8	2	3	9	5	1	4	6
5	4	8	7	1	9	2	6	3
9	6	7	2	8	3	4	5	1
3	2	1	4	5	6	7	8	9
2	7	3	5	6	1	8	9	4
6	5	9	8	7	4	3	1	2
8	1	4	9	3	2	6	7	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Pulitzer-höfundur á Íslandi

Jane Smiley fékk hin virtu verðlaun fyrir skáldsögu sem byggir á Lé konungi. Er aðdáandi Laxness, Dickens og Trollope. Vinnur að nýrri bók um mæður.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Bandaríski rithöfundurinn og Pulitzer-verðlaunahafinn Jane Smiley var stóð hér á landi á dögunum. Þetta var ekki fyrsta ferð hennar hingað til lands því hún var hér sem Fulbright-styrkþegi árið 1976 og dvölin hafði að hennar eigin sögn mikil áhrif á hana. Hún kynntist íslenskum bókmenntum og las Laxness sér til mikillar ánægju.

„Bandaríska sendiráðið var með mjög gott bókasafn og þar fékk ég Laxness á ensku og Íslendingasögurnar sömuleiðis.“ segir Smiley. „Ég er hrifin af mörgum bóka Laxness og held mest upp á Sjálfstætt fólk, sem er flókin og frábær bók. Mér finnst svo aðáunartvert að Laxness var alltaf tilbúinn að prófa eitthvað nýtt. Það sem mér finnst svo stórmerkilegt í sambandi við Sjálfstætt fólk er að hann skrifaði bókina þegar hann var á fertugsaldri og honum tekst að gefa einkar trúverðuga innsýn í sálarlíf fólks, barna, fullorðinna og aldraðra. Svo hefur hann afar gott skopskyn.“

Smiley segist eiga afar góðar minningar af dvöl sinni hér á landi. „Á þessum tíma var ég ákveðin í að verða rithöfundur in mig vantaði söguefni. Á Íslandi fór ég að hugsa um landnám norrænna manna á Grænlandi og ákvað að ég vildi skrifa mína eigin sögu um það.“

Síkvartandi Lér

Skáldsaga hennar Grænendingarnir kom út árið 1988. Hún kom út í íslenskri þýðingu árið 1991, sama ár og Smiley sendi frá sér A Thousand Acres, bókina sem færði henni Pulitzer-verðlaunin, en hún er byggð á Lé konungi eftir Shakespeare. „Ég las Lé konung margoft í skóla og hafði aldrei samúð með honum. Mér fannst hann vera síkvartandi. Sjónarhorn eldri systrana leikritinu og mig langaði til að skrifa bók út frá þeirra sjónarmiði og setja þær í forgrunn. Við fjölskyldan höfðum verið í Minneapolis og vorum dag einn að keyra suður og komum að mjög flötu, drungalegu og áhugaverðu landslagi í Norður-Iowa. Ég leit í kringum mig og hugsaði: Hér ætti bókin um Lé konung að gerast.“

Spurð hvort það hafi ekki skipt miklu að fá Pulitzer-verðlaunin segir hún: „Ég var barnshafandi, komin fjóra mánuði á leið og var að vinna að nýrri bók. Ég þekki Michael Cunningham sem fékk þessi verðlaun nokkrum árum á eftir mér. Eftir að hann vann þau fór hann í alls kyns kynningarferðir og hafði ekki tíma til að skrifa. Hann sagði mér að það hefði verið erfitt fyrir sig að byrja aftur að skrifa. Það henti mig ekki því ég átti von á barni og og hélt mig við skriftirnar. Það var mitt lán.“

Aðdáandi Dickens

Auk skáldsagna hefur Smiley skrifað fræðibækur, þar á meðal



Jane Smiley vinnur nú að bók um fimm mæður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á ÍSLANDI FÓR ÉG AÐ HUGSA UM LANDNÁM NORRÆNNA MANNA Á GRÆNLANDI OG ÁKVAÐ AÐ ÉG VILDI SKRIFA MÍNA EIGIN SÖGU UM ÞAÐ.

eina um Charles Dickens sem er höfundur sem hún hefur mikið dálæti á. „Hann er mjög athyglisverður rithöfundur sem ég hef alltaf elskað. Samtímamaður hans, sem er næstum algjör andstæða hans, er Anthony Trollope sem er sömuleiðis í miklu uppáhaldi hjá mér. Saman skapa þeir nær fullkomna lýsingu á ensku samfélagi um miðjan Viktoríutímenn. Dickens kom auga á sturluðu hliðarnar og Trollope þær heilbrigðu.“ Smiley segir uppáhaldsbók sína eftir Dickens vera My Mutual Friend. Hún vikur síðan talinu að uppáhalds Trollope-bók sinni, He knew he was right. „Aðalpersónan fær þá þráhyggju að kona hans elski annan mann. Trollope sjálfur var ekki ánægður með þessa bók sína en að mínu mati er hún fullkomin lýsing á manni sem ræður ekki við sig.“

Mikil hestakona

Smiley hefur skrifað nokkrar bækur fyrir börn og unglínga, sem hún kallar hestabækur. „Ég er mikil hestakona, á hesta og hef áhuga á tamningaraðferðum. Ein af ástæðum þess að ég byrjaði að skrifa hestabækurnar var að ég vildi koma að hugmyndum um mannúðlegar tamningar sem virka best. Ég skrifaði bækur um unga stúlku og fjölskyldu hennar og síðan um aðra stúlku sem er gallagripur, vill bara gera það sem henni sýnist og tekur ekki ráðleggingum fullorðinna.“

Bók um mæður

Smiley vinnur þessa stundina að bók sem heitir Fimm mæður. „Hún er um langömmu mína, ömmu, móður mína, mig og dóttur mína, konur sem allar höfðu sterkar skoðanir á sinni eigin móður. Ég fjalla einnig um ráðin sem mæður hafa fengið í gegnum tíðina um það hvernig þær eigi að hugsa um börn sín.“

Langamma mín fæddist árið 1865 í Noregi og kom til Bandaríkjanna árið 1883. Þá fengu mæður ráð sem eru allt annars konar en þær fá nú. Í metsölubók sem kom út á seinni hluta 19. aldar er eytt meira púðri í að lýsa því hvernig eigi að baða barn heldur en hvernig eigi að koma fram við það. Í einum kafla er talað um taugabílað barn, sem við myndum kalla viðkvæmt barn, og sagt að ekki eigi að taka það upp heldur láta það vera. Þarna er líka einkennilegt ráð í sambandi við matargjöf en þegar búið er að venja barnið af brjósti á það ekki að fá kartöflur fyrr en um tíu ára aldur. Um 1930, þegar mamma var á táningsaldri, var konum ráðlagt að ræða við lækni sinn um það hvernig þær ættu að sjá um barn sitt, það var talið að þær vissu ekki nokkurn skapáðan hlut um það, hvað þá að þær væru taldar færar um að nota innsæi sitt.

Það er afskaplega gaman og áhugavert að skrifa þessa bók,“ segir Smiley en ráðgert er að bókin komi út árið 2021.

Er jeppinn rafmagnslaus ?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**
Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Innanhússdagforeldri óskast

Svo að litlu krílin komist með okkur í vinnuna.

tvist.is/atvinna

TVIST


Auglýsingastofa

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báta foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS	
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19	NÁNAR Á BIOPARADÍS
Everybody Knows (ICE SUB) 17:30	Birds of Passage (ICE SUB) 20:00
Capernaum (ENG SUB) 17:30	Everybody Knows (ICE SUB) 20:00
Mug // Twarz (ENG SUB) 18:00	Arctic (ICE SUB) 22:30
National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið	Mug // Twarz (ICE SUB) 22:30
Macbeth (ENGLISH-NO SUB) 20:00	



Sæktu nýtt RÚV app fyrir snjalltæki



Hvar og hvenær sem þér hentar

- Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í sjónvarpi, útvarpi og vef aðgengilegt á einum stað.
- Beint streymi sjónvarps og útvarps.
- Ítarleg leit og dagskrárupplýsingar.
- Fyrir iOS og Android.



okkar allra

DAGSKRÁ

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Útsvar 2013-2014 Kópavogur - Rangárþing eystra
- 13.50 Landakort
- 14.00 92 á stöðinni
- 14.20 Maður er nefndur Gunnar J. Friðriksson
- 14.45 Út og suður
- 15.10 Af fingrum fram – Þórir Baldursson Þriðja þáttaröð Af fingrum fram, þar sem Jón Ólafsson spjallar við tónlistarmenn og bregður upp svipmyndum frá ferli þeirra. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.
- 15.55 Hvað höfum við gert?
- 16.35 Bækur sem skóku samfélagið Stuttir sænskir heimildarþættir um bækur sem hafa haft mikil áhrif á almenning í Svíþjóð. e.
- 16.45 Silfrið
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Simon
- 18.06 Mói
- 18.17 Klaufabárðarnir Í þessum klassisku brúðupáttum standa þeir Patti og Matti frammi fyrir alls konar erfiðum verkefnum sem reyna á útsjónarsemi og verklag, sem er því miður ekki til staðar. Klaufabárðarnir litu fyrst dagsins ljós árið 1976 og hafa skemmt íslenskum fjölskyldum í áratöl.
- 18.26 Ronja ræningjadóttir
- 18.50 Krakkafréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og liflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
- 20.05 Árstíðirnar
- 21.10 Gíslatökin Dönsk spennuþáttaröð um gíslatöku í neðanjarðarlest í Kaupmannahöfn. Fimmtán manns eru teknir í gíslingu af óþekktum afbrotamönnum sem hóta að taka þá af lífi ef kröfum þeirra er ekki mætt. Í kjölfarið taka við atburðir sem hafa djúpstæð áhrif á alla þjóðina. Leikstjóri: Kasper Barfoed; Aðalhlutverk: Jakob Oftebro, Michael Frandsen og Johannes Lassen. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Skjól og skart – Handverk og saga íslensku búninganna Heimildarmynd um íslensku þjóðbúningana og handverkið sem tengist þeim. Við fylgjumst með hópi kvenna sem tekur þátt í námskeiði þar sem þær sauma upphlut og peysuföt og á meðan þær stunda saumaskapinn segja þær frá því hvaða merkingu íslensku búningarnir hafa fyrir þær. Dagskrárgerð: Ásdís Thoroddsen. Framleiðsla: Gjóla ehf.
- 23.35 Kastljós
- 23.50 Menningin
- 00.00 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Kia Classic
- 10.05 WGC. Dell Technologies Match Play
- 19.05 PGA Highlights
- 20.00 Kia Classic
- 22.00 Kia Classic

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.45 Black-ish
- 14.10 Crazy Ex-Girlfriend
- 14.55 Ally McBeal
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 The Good Place
- 20.10 Top Chef
- 21.00 Hawaii Five-0
- 21.50 Blue Bloods
- 22.35 MacGyver
- 23.20 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 NCIS. New Orleans
- 02.20 FBI
- 03.05 The Gifted
- 03.50 Salvation
- 04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Flugur Ralph McTell, seinni þáttur
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Til allra átta Tom Zé - engum líkur
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Japan, land hinnar risandi sólar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Háttalarinn Quadrantes.
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útlit Krakka RÚV
- 18.50 Veðurfregni
- 18.53 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsagan. Plágan
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregni
- 22.10 Passíusálmur
- 22.15 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.50 The Red Turtle
- 13.15 Battle of the Sexes
- 15.15 Charlie's Angels
- 16.55 The Red Turtle
- 18.20 Battle of the Sexes
- 20.20 Charlie's Angels
- 22.00 War for the Planet of the Apes
- 00.20 Patti Cake\$
- 02.10 Lost River
- 03.45 War for the Planet of the Apes

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 Friends
- 07.45 Gilmore Girls
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 I Own Australia's Best Home
- 10.25 Born Different
- 10.50 Great News
- 11.15 Hvar er best að búa?
- 12.00 Landnemarnir
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor UK
- 14.05 The X-Factor UK
- 14.55 The X-Factor UK
- 15.55 Mom
- 16.15 The Goldbergs
- 16.40 The Big Bang Theory
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.20 Veður
- 19.25 The Mindy Project
- 19.50 God Friended Me
- 20.35 Silent Witness
- 21.30 Tin Star
- 22.15 S.W.A.T.
- 23.00 60 Minutes
- 23.45 The Enemy Within
- 00.30 Blindspot
- 01.15 Strike Back
- 02.05 Nashville
- 02.50 Nashville
- 03.35 StartUp
- 04.20 StartUp
- 05.05 StartUp

STÖÐ 3

- 19.10 The Last Man on Earth
- 19.35 The Simpsons
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Who Do You Think You Are?
- 21.50 Curb Your Enthusiasm
- 22.40 Game Of Thrones
- 23.40 Flash
- 00.25 Supernatural
- 01.10 The Last Man on Earth
- 01.35 The Simpsons
- 02.00 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.15 Real Madrid - Huesca
- 08.55 Alaves - Atletico Madrid
- 10.35 Leicester - Bournemouth
- 12.15 Burnley - Wolves
- 13.55 Premier League World
- 14.25 Cardiff - Chelsea
- 16.05 Liverpool - Tottenham
- 17.45 Messan
- 18.50 Arsenal - Newcastle Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaröð
- 21.25 Spænsku mörkin
- 21.55 Dominos deild karla

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.50 KR - FH
- 09.30 Domino's-deild karla
- 11.10 Parma - Atalanta
- 12.50 Juventus - Empoli
- 14.30 FH - Valur
- 16.00 Seinni bylgjan
- 17.30 Ítölsku mörkin
- 18.00 Domino's-deild karla Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Dominos deildar karla.
- 20.45 Football League Show
- 21.15 Formúla 1. Barein - Keppni
- 23.35 Arsenal - Newcastle

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL



... OG MEIRA AF SUMUM



HEAD POINT
35% AFSL.



SITNES 5
40% AFSL.



W3
50% AFSL.



HUBERT
50% AFSL.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
FÖSTUD. TIL MÁNUÐ.
LYKUR Í DAG



20%
AFSLÁTTUR

MICHELLE

Borðstofustóll. Svart eða koníaksbrúnt PU-leður og svartir fætur.

14.392 kr. ~~17.990 kr.~~

VENICE

3ja sæta sófi. Fáanlegir í bláu og dökkgráu sléttflaueili. Stærð: 184 x 85 x 89 cm



30%
AFSLÁTTUR

111.993 kr. ~~159.990 kr.~~



20%
AFSLÁTTUR

ASAMA

Borðstofustóll, svart PU leður og svartir fætur.

9.592 kr. ~~11.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



„Lögræðingabrandarar eru einhver þéttasta bókmenntagein heims,“ segir lögmaðurinn Árni Helgason.

Lögmannagrínið leynist líka í dreninu

Góður rómur hefur verið gerður að uppistandstilraunum lögmannsins **Árna Helgasonar** á The Secret Cellar. Hann sækir meðal annars innblástur í dagvinnuna og fjölskyldulífið. Árni segir ekki verra að hafa grínið til öryggis í ótryggu efnahagsástandi.

Lögmaðurinn Árni Helgason sýndi á sér nýja og ef til vill nokkuð óvænta hlið þegar hann steig nýlega á svið á The Secret Cellar og reytti af sér brandara á opnu uppistandskvöldi á vegum Golden Gang Comedy.

„Ég hef bara haft áhuga á þessu í gegnum tíðina,“ segir Árni og bætir við að hann hafi ekki haft neina sérstaka ástæðu til þess slá til aðra en bara að skemmta sjálfum sér og vonandi öðrum í leiðinni.

„Ég hef farið þarna einu sinni eða tvisvar áður og troðið upp og þetta er bara skemmtilegt. Þarna koma ýmsir fram og í sjálfu sér má hver sem er stíga á stökk og þótt þetta séu mikil til ferðamenn þá er eitthvað af Íslendingum líka.“

Árni segir grínið í The Secret Cellar vera á ensku þar sem fyrst og fremst sé skemmtunin ætluð erlendum ferðamönnum. „Það var vont veður þetta kvöld og norðurljósiferðunum frestað þannig að túristarnir mættu bara í staðinn á uppistand.“

Sjaldgæft eintak

Árni hefur komið víða við í félags- og stjórnmálum og því eðlilega ófeiminn við að taka til máls fyrir framan fullan sal af fólki. Þótt hann hafi þó ekki gert mikil af því að fara með gamanmál á ensku greip hann hljóðnemann frekar slakur. „Það var bara svona smá fiðringur, eins og gengist, og þetta snýst bara um að nýta stressið, eins og menn segja.“

Árni var á sínum tíma framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins, formaður Heimdallar, odd-

ÞAÐ MÁ KANNSKI
UPPLÝSA AÐ ÉG ER
EKKERT HÆGRISINNADUR
LÖGMAÐUR OG HEF SIGLT
UNDIR FÖLSKU FLAGGI Í MJÖG
MÖRG ÁR.

viti Vöku í Stúdentaráði Háskóla Íslands og forseti Framtíðarinnar, málfundafélags Menntaskólans í Reykjavík, á menntaskólaárunum.

Hægrisinnadur lögmenntu eru sjálf-sagt þekktir fyrir flest annað en að vera myndir. Ertu einhvers konar frávík?

„Það má kannski upplýsa að ég er ekkert hægrisinnadur lögmaður og hef siglt undir fölsku flaggi í mjög mörg ár,“ segir Árni og hlær. „Þetta er að koma upp á yfirborðið núna. Hvernig ég hef lætt mér inn í valdakjarnann.“

Árni sækir innblástur í sitt daglega amstur í uppistandinu, fjölskyldulífið og vitaskuld lögmenntu enda liggja lögmenntu oft vel við höggi í gríninu.

Hillumetrar af lögmannagríni

„Lögræðingabrandarar eru einhver þéttasta bókmenntagein heims og það eru til heilu hillumetrarnir af þeim sem féla oftar en ekki í sér einhvers konar

Sjónvarpslögmaðurinn Denny Crane þarf ekki að þrasa um drenlagnir fyrir dómi.

lýsingar á því hvernig megi koma hægfara dauðdaga lögmanns við,“ segir Árni léttur í bragði.

„Ég hef líka oft haft gaman af því að bera þetta sjónvarpsþáttalíf lögmannsins saman við raunveruleikann, eðlilega vegna þess að það er nú líka til mikil af þessum sjónvarpsþáttum.“

Þættir á borð við Ally McBeal, Boston Legal, The Good Wife, The Practice, L.A. Law og jafnvel hinn íslenski Réttur draga oftar en ekki upp glansmynd af lögmonnum og störfum þeirra sem er nokkuð á skjön við raunveruleikann.

„Fólk sér þá oft fyrir sér þá típu og að starfið sé einhvern veginn svona. Þetta er nú oft aðeins hægara og meiri realismi í þessu,“ segir Árni. „Þetta tekur oft aðeins lengri tíma, glæsileikinn aðeins minni en í þessum þáttum. Það er oft meira verið að rífast um einhverja drenlagn árum saman en það er gaman að því líka.“

Áhættustýring í óvissu

Upptaka af uppistandi Árna á The Secret Cellar hefur fallið í frjóan jarðveg á Facebook þar sem vinir og samferðafólk hans eys hann lofi og hvetur til dáða. Hann segist aðspurður ekki vera með neinar stórar áætlanir með framhaldið.

„Ég er í lögmenntu á daginn og oft yfirleitt á kvöldin líka þannig að það er svo sem nóg að gera,“ segir hann en dregur hvergi úr því að það sé skemmtilegt að vera með grínið á hliðarlínunni.

„Eigum við ekki bara að segja að maður haldi öllu opnu í þessu? Það er aldrei að vita nema maður geri eitthvað meira. Í þessu efnahagsástandi er náttúrliga ekki verra að vera með smá áhættustýringu á starfinu, eitthvert svona plan b,“ segir lögmaðurinn og hlær. „Maður hefur bara gaman af þessu og gaman að þetta gekk vel og fólk hafi eitthvað getað glott yfir þessu.“

thorinn@frettabladid.is




**KYNNINGARTILBOÐ
AÐEINS 9.900 KR.**

FULLKOMINN DJÚPSVEFN Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngukodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!

Heldur haus, háls og hryggjarsúlu í línu

Dregur úr spennu í mjóbbaki



Aðlagast fullkomlega að líkama þínum

Styður við liðamót og veitir fullkomna slökun



Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskiptavinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.



Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com



BAKÞANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



M/s Berglind

Ég var í hermanginu. Milli-landaskipið Berglind sökk rétt út af Nova Scotia eftir árekstur við danska skipið Charm. Berglind var á leið til Íslands með ósköpin öll af varningi frá Ameríku. Mikið af þessari frakt átti að notast á Keflavíkurflugvelli. Allt frá örlytum skráfum upp í stærstu varahluti í þungavinnuvélar. Fleira göss var og um borð. Og fór það allt heldur vaxandi á hafsbotni og stykkjunum fjölgandi eftir því er frá leið sjóslysinu. Kom brátt í ljós að mörgum innflytjandanum varð það hið besta haldreipi í grímlausum lygum sínum og sviksemi, að geta sagt: „Það sökk með Berglindi.“

Þetta ágerðist, ef eitthvað var ekki til, kom svarið: „Það sökk með Berglindi.“ Að endingu var ekki nokkur leið að fá eitt eða neitt, allir sem sögðust eitthvað hafa pantað frá útlöndum, sem auðvitað var lygi, báru því við að það hefði tapast um leið og m/s Berglind. Vitaskuld sáu menn í gegnum þetta – en þó aldrei jafn greinilega og þegar vörur sem áttu að koma sjóveg frá Noregi eða Spáni voru sagðar hafa endað á hafsbotni með Berglindi.

Því er þetta rifjað upp núna að teikn eru á lofti um að siðlausir kónar í margvislegum rekstri hafi á síðustu dögum eignast sína Berglindi, þeir reka fólk úr vinnu ellegar borga ekki laun, vegna þess að WOW hætti að fljúga. Breytir þá engu hvort viðkomandi reki langferðabíla, saumi sundskýlur, okri á molakaffi eða flytji inn hunda-sjampó. Viðkvæðið er: „Það er út af WOW.“

Íslands óhamingja er nú öll þessa flugfélags. Það er eins gott að það finnist ekki óvænt loðna á fimmtudaginn og nýjar humarbleyður – og svo byrji eldgos sama kvöldið. Það getur verið svo ári snúið að ljúga sig til baka inn í partýið.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

PANINI
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk

ON THE GO



Glötuð tilboð á **nova.is** í dag!

Verlanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyrri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA